

AUGLÝSING

um veitingu leyfa til áætlunarflugs innanlands.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 119 28. desember 1950 um stjórn flugmála, og VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur ráðuneytið í dag veitt Arnarflugi h.f., Reykjavík, sérleyfi til áætlunarflugs með farþega, vörur og póst á eftirtöldum flugleiðum innanlands, tímabilið 13. september 1979 til 31. desember 1984:

1. Reykjavík — Rif — Reykjavík
2. Reykjavík — Grundarfjörður — Reykjavík
3. Reykjavík — Stykkishólmur — Reykjavík
4. Reykjavík — Búðardalur — Reykjavík
5. Reykjavík — Reykhólar — Reykjavík
6. Reykjavík — Bíldudalur — Reykjavík
7. Reykjavík — Flateyri — Reykjavík
8. Reykjavík — Suðureyri — Reykjavík
9. Reykjavík — Hólmavík — Reykjavík
10. Reykjavík — Gjögur — Reykjavík
11. Reykjavík — Hvammstangi — Reykjavík
12. Reykjavík — Blönduós — Reykjavík
13. Reykjavík — Siglufjörður — Reykjavík.

Samkvæmt sömu heimildum hefur ráðuneytið í dag einnig veitt flugfélaginu Ernir h. f., Ísafirði, sams konar leyfi á flugleiðinni Ísafjörður — Hólmavík — Gjögur — Ísafjörður og Flugfélagi Norðurlands h.f., Akureyri á flugleiðunum Akureyri — Mývatn — Akureyri, og Akureyri — Mývatn — Reykjavík — Mývatn — Akureyri.

Sérleyfum félaganna fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á umræddum flugleiðum, en jafnframt skylda til að halda þar uppi föstum áætlunarferðum, eftir því sem flutningaþörf krefur, að dómi ráðuneytisins.

Samgönguráðuneytið, 13. september 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

18. september 1979.

Nr. 384.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Hrísey.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir og byggingar í Hríseyjarhreppi, eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjald vegna varanlegs slitlags og gangstéttar, B-gjald skal lóðarhafi greiða þegar lagningu slitlags er lokið.

Gjaldið skal greiða af fasteignum þar sem þegar hefur verið lagt á varanlegt slitlag eða gangstétt á undanförunum 5 árum.

Gjaldið skal miða við rúmmetra húss, miða skal við utanmál húsa og lofthæð 2.70 m á íbúðarhúsum en 3.3 m í atvinnuhúsnæði nema uppdráttur sýni minna.

3. gr.

Gjaldið skal nema ákveðnum hundraðshluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn á hverjum tíma af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús	3.0%
Tvíbýlishús og raðhús	2.0%
Fjölbýlishús	1.0%
Verslanir og skrifstofuhúsnæði	3.0%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði	1.5%
Opinberar byggingar	3.0%
Önnur hús eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar	1—3.0%

Gjald af íbúðarhúsnæði skal aldrei vera lægra en sem svarar af 250 m³. Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða í gatnagerðargjald kr. 70.00 af hverjum fermetra lóðar.

4. gr.

Upphæð gatnagerðargjalds samkvæmt 3. gr. skal miðast við þá visitölu, sem í gildi er, þegar lagning slitlags fer fram. Nú breytist vísitalan, meðan verk fer fram, og skal þá miðað við meðalvisitölu á því tímabili, sem um er að ræða.

5. gr.

Gatnagerðargjald samkv. 3. gr. greiðist þannig að 20% greiðast, þegar lagningu varanlegs slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðist með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. 10% vextir greiðast á sömu gjalddögum.

6. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til váttryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

7. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að fresta innheimtu gatnagerðargjalda af eigendum fasteigna, sem hafa náð 67 ára aldri og þeim, sem eiga við sjúkdóma að stríða.

Verði húseign seld, sem gjaldfrest hefur fengið á gatnagerðargjaldi, skal sveitarstjórn innheimta gjaldið eins og það var, þegar álagning fór fram, enda sé kvöðinni þinglýst á viðkomandi fasteign.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hríseyjarhrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 og nr. 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. september 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.